

18. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 16. maí 2000 kl. 16:10 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf. Knarrarvogi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Jóhannes Pálsson Ragna Halldórsdóttir og Ásmundur Reykdal. Frá Línuhönnun, Helga Jóhanna Bjarnadóttir.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

Fundargerð aðalfundar.

Fundargerð aðalfundar undirrituð af fundarstjóra og fundarritara.

Heimsókn frá Línuhönnun.

Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Línuhönnun, var boðið til fundarins í framhaldi af bréfi hennar, til FENÚR, sem lagt var fram á síðasta stjórnarfundum.

Hún gerði í stuttu, en skýru máli grein fyrir því hvað vistferlisgreining (life cycle assessment) er. Hún á sæti í norrænni nefnd, NORDTEST sem vinnur að slíkri greiningu á ýmsum sviðum og þar á meðal á sviði úrgangs og umhverfismála.

Það er hennar mat að FENÚR eigi að vera sá aðili, hér á landi, sem móta eigi og undirbúa slíka greiningu og leita eftir styrk frá hagsmunaaðilum, sveitarfélögum og umhverfisráðuneyti til verkefnisins.

Á næstu vikum kemur út norræn skýrsla um vistferlisgreiningu á sorpi. Helga leggur til að hún og tveir fulltrúar frá FENÚR fari yfir þessa skýrslu og vinni úr henni frumgögn, sem nota megi við gerð greiningarmódelis miðað við íslenskan veruleika. Samþykkt að Ragna Halldórsdóttir og Ingi Arason aðstoði Helgu við undirbúningsvinnu.

Í framhaldi af því verði leitað eftir íslenskum fjármögnunaraðilum og sótt um styrk hjá NORDTEST til að fram geti farið gerð reiknilíkans, byggt á ýtarlegri vistferlisgreiningu á úrgangi miðað við íslenskar aðstæður.

Stjórn skiptir með sér verkum.

Formaður gerði tillögu um Pétur Bjarnason, sem varaformann, Jóhannes Pálsson, sem gjaldkera, Inga Arason, sem ritara og Rögnu Halldórsdóttir, sem meðstjórnanda. Tillagan var samþykkt.

Starfshópar og ráðgjafastjórn.

Lagt til stjórnin vinni að tillögugerð um nýja skilgreiningu starfshópa innan FENÚR með það að markmiði að fækka hópunum og gera þá virkari í félagsstarfinu. Tillögur verði lagðar fyrir ráðgjafastjórn á haustdögum.

Lagahópur tekur að sér að setja saman lista yfir skilgreiningar og hugtök um úrgangsmál, sem komið verður til félagsmanna t.d. á heimasíðu félagsins, þannig að allir séu ætíð að tala sama mál í umfjöllun um málaflokkinn.

Önnur mál.

Pétur Bjarnason, viðraði hugmynd um hvort FENÚR ætti ekki að koma að samræmingu við gerð merkja og merkinga, sem notuð eru við söfnun, flokkun og endurvinnslu úrgangs.

Ákveðið að setja á stofn starfshóp, til að vinna að málinu. Ingi Arason, kemur málinu úr höfn. Lagt til að Guðmundur Ólafsson, Sorpstöð suðurlands, Sif Svavarsdóttir, SORPU og þriðji maður, (fagmaður), geri tillögur og kostnaðaráætlun.

Fundi slitið 17:20.

Stefnt að næsta fundi fimmtudag 6. júlí kl. 15:00 á skrifstofu SORPU ó Gufunesi.

Á.R.